

# Settur afgangi

birt í Fréttablaðinu 17. janúar 2008

Ólafur Páll Jónsson  
heimspekingur

Það er vandséð hvernig nýleg ráðning í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Austurlands getur heyrt undir annað en embættisafglöp setts dómsmálaráðherra. Aðrar einkunnir, t.d. heimskuleg, ranglát eða dæmi um lélega stjórnslu, geta vissulega átt við en þær ná þó ekki kjarna málsins. Það sem gerir embættisfærsluna að afgangi frekar en t.d. heimskupörum er þetta: Meinbugir embættisfærslunnar varða ekki álitamál sem hægt er að hafa ólíkar skoðanir á heldur leiðir beint af grundvallaratriðum í stjórnskipan Íslands sem lýðræðislegs ríkis, nefnilega að ráðherra, sem er fulltrúi framkvæmdavaldsins, telur það í sínum verkahring að hafa vit fyrir dómvaldinu í málefnum sem varða grundvallaratriði þess valdsviðs.

Meinið er ekki að rökstuðningur ráðherrans hafi ekki verið málefnalegur, eða að hann hafi ekki farið rétt með staðreyndir o.s.frv. Þetta kann vel að vera rétt, en athugasemdir af þessu tagi sýna ekki endilega að um embættisafglöp sé að ræða. Svona athugasemdir, ef þær eru réttar (sem ég ætla ekki að leggja neitt mat á), gætu sýnt að embættisfærslan væri t.d. heimskuleg eða dæmi um lélega stjórnslu. Og þá vörn ráðherrans, að hann hafi stuðst við málefnaleg rök, mætti taka sem tilraun til að bera af sér heimskuorðið. En hvað sem slíkri vörn líður, þá stendur afgangahátturinn óhaggaður.

Vitanlega þarf framkvæmdavaldið stundum að hlutast til um ýmis mál sem varða dómvaldið, rétt eins og það þarf að hlutast til um ýmislegt sem varðar löggjafarvaldið. Þriggreining ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómvald og framkvæmdavald verður hins vegar að gera ráð fyrir því, að í þeim málum sem varða kjarna hvers valdsviðs fyrir sig sé hvert valdsvið sjálfráða. Val á dómurum er mál sem varðar kjarnann í starfi dómvaldsins. Hér kemur þrennt til. Í fyrsta lagi er verið að velja sjálfa handhafa dómvaldsins. Í öðru lagi er það höfuðatriði í réttlátu dómkerfi að dómara séu sem hæfastir til að gegna störfum sínum. Slíkt hæfnismat verður að byggja á forsendum dómvaldsins og þegar framkvæmdavaldið eða löggjafarvaldið kann að greina á við dómvaldið í slíkum efnum, þá verður álit dómvaldsins að vega þyngra. Í þriðja lagi er það höfuðatriði í lýðræðislegri stjórnskipan að borgararnir geti treyst því að dómvaldið sé óháð bæði framkvæmda- og löggjafarvaldinu. Þegar framkvæmdavaldið fer gegn rökstuddu álit dómvaldsins um val á dómurum, getur almenningur ekki treyst því að forsendur slíks mats séu óháðar hagsmunum framkvæmdavaldsins.

Með því að setja sig í þá stöðu að hafa vit fyrir dómvaldinu í máli sem varðar kjarna dómvaldsins hefur ráðherra ráðist gegn þriggreiningu ríkisvaldsins. Sú vörn ráðherrans, að dómnefndarlítið hafi verið gallað og að hans rök séu betri, kemur þess vegna kjarna málsins ekki við. Það er ekki í verkahring ráðherra að leggja mat á dómgreind dómvaldsins, og enn síður má hann setja sína eigin dómgreind ofar dómgreind dómvaldsins í máli sem þessu. Ráðherra, sem setur sitt „mér finnst“ ofar rökstuddu álit dómvaldsins í málefnum sem varða kjarna dómvaldsins, hefur kannski ekki brotið gegn bókstaf laganna en hann hefur brotið gegn grundvelli réttarríkisins. Það eru afgangi.